



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Íslenska – 1. bekkur

Íslenska er samofin öllum námsgreinum og skólastarfinu öllu. Í Ísaksskóla er sungið alla daga og áhersla lögð á að efla málskilning og orðaforða nemenda. Unnið er markvisst með bókstafi og lestur samkvæmt hljóðaaðferð Ísaks Jónssonar. Til að byrja með er stuðst við námsefnið Lestrarlandið þar sem fléttast saman hlustun, ritun, hljóðtenging og lestur. Nemendur vinna með tvo bókstafi í hverri viku og lesa heima daglega. Auk þess að lesa heima í Lestrarlandinu eru börnin með aukalestrarbók sem tekur mið af lestrargetu og áhuga hvers og eins. Afar mikilvægt er að heimalestri sé fylgt vel eftir við upphaf lestrarnáms.

Matsviðmið

Talað mál, hlustun og áhorf

Tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum og sagt frá eigin reynslu
Lesið eigin sögur eða ljóð upphátt fyrir aðra
Farið eftir einföldum reglum í umræðum
Tekið þátt í hlutverkaleikjum og leikþáttum
Hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim
Hlustað á sögur, leikrit, ljóð, horft á leikþætti og rætt efnið

Lestur og bókmenntir

Þekkt íslensku bókstafina og hljóð þeirra
Lesið samfelldan texta sem hæfir aldri og getu
Svarað spurningum úr lesefni
Unnið fjölbreytt verkefni sem auka orðaforða og málskilning
Lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim
Sungið lög af söngdagskrá skólans

Ritun

Dregið rétt til stafs
Stafsett einföld orð
Búið til sögu og skráð hana
Lýst hlutum, athöfnum og atburðum úr eigin lífi og skráð
Vandað allan frágang

Málfræði

Þekkt hugtökin bókstafur, orð og setning
Unnið með samheiti og andheiti

Þekkt mun á sérhljóða og samhljóða
Leikið sér með rím og orðaleiki
Þekkt samsett orð og unnið með þau

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirætlum sem gefin eru
Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi

Námsmat

Kennarar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.

- Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun eru lögð fyrir í september, janúar og maí. [Hér](#) má nálgast lesfimiþmið Menntamálastofnunar.
- Lesferill-lesskimun fyrir 1. bekk grunnskóla. Próf frá Menntamálastofnun sem lagt er fyrir í október.
- Stafakönnun er lögð fyrir í október og janúar.
- Stafsetningarkönnun er lögð fyrir í maí.